



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík 6. mars 2013

**Niðurstaða athugunar á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Landsbankans hf.**

Fjármálaeftirlitið vísar til fyrri gagnsæistilkynningar sem birt var hinn 24. janúar 2012 þar sem gerð var grein fyrir atriðum sem stofnunin taldi að þörfuðust úrbóta eftir athugun á tilteknum upplýsingum í eiginfjárskýrslu Landsbankans hf.

Í gagnsæistilkynningunni kom fram að í nóvember 2011 hefði Fjármálaeftirlitið lokið athugun sinni með skýrslu eftir að Landsbankanum hf. hafði verið gefinn kostur á að koma á framfæri andmælum sínum. Fjármálaeftirlitið fór fram á úrbætur í samræmi við athugasemdir sem gerðar voru í skýrslunni og beindi tilmælum til Landsbankans hf. um að yfirfara verkferla við útfyllingu eiginfjárskýrslna og endurskoða lána- og tryggingakerfi bankans. Að auki var stjórn bankans gert að fela innri endurskoðanda að yfirfara úrbætur og skila Fjármálaeftirlitinu greinargerð þar að lútandi. Þá kom fram að Fjármálaeftirlitið myndi birta gagnsæistilkynningu á ný þegar skýrsla innri endurskoðanda Landsbankans hf. um úrbætur lægi fyrir.

Skýrsla innri endurskoðanda barst Fjármálaeftirlitinu í nóvember 2011. Þar voru tilgreindar þær úrbætur sem bankinn hafði framkvæmt og þær úrbætur, sem enn var unnið að. Hinn 5. desember 2012 sendi innri endurskoðandi síðan staðfestingu á að öllum úrbótum væri lokið. Fjármálaeftirlitið telur að bankinn hafi brugðist við þeim athugasemdum og ábendingum sem gerðar voru.